

Nr. 098 /109 Fjóla SH 121**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1516
Smíðaður: Skagaströnd 1978, plast
Stærð: 11,1 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 11,87 m Skráð lengd: 11,45 m
Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Ford Sabre 86kW, 1991
Fjöldi skipverja: 2



Fjóla©Emil Páll Jónsson

Lokaskýrsla afgangur af fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. júlí 2010 var Fjóla SH 121 á netaveiðum sunnan Snæfellsness. Veður: Logn

Þegar kúplað var að skrúfu virkaði hún ekki og í ljós kom að að lega í öxulhúsi undir lestinni hafði brotnað. Óskað var eftir aðstoð og björgunarsveitin Lífsbjörg sendi harðbotna slöngubát á staðinn. Hann dró Fjólu SH til hafnar á Arnarstapa.

Við rannsókn kom fram:

- að þetta var í annað skiptið á þremur vikum sem þetta gaf sig. Einnig hafði samskonar bilun komið upp áður sjá mál RNS 019/07 og 062/08;
- að skrúfuöxullinn gengur aftur frá vél og um öxulhús sem fest er á band undir lestinni. Eftir síðustu viðgerð sagði skipstjóri að viðgerðarmaður hafi athugað hvort kast væri á öxlinum. Engin sveigja sást á honum en hann var ekki sveigjumældur;
- að lítilsháttar sveigja getur komið á tengið af því vélin og gírinn eru á gúmmípúðum en tengið á að jafna það;
- að búið var að setja á tengið smurkopp og var það smurt reglulega með koppafeiti en ekki feiti sem þolir sjó (stefnisröafeiti). Það er af gerðinni Aquadrive og á að vera lokað og vatnspétt og þarfnast því ekki smurningar;
- að skipstjóri sagði að eftir að honum hafi borist vitneskja um fyrri bilanir hafi hann látið athuga með breytingu á búnaðinum með því að setja tvær burðarlegur.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar má rekja til lélegrar hönnunar öxulbúnaðarins.